


kveðja heim sem kristnum ber.“ Það er hjartnæmit, lag og orkti Bergreen, tónskáldið danska, lagið við þessi ljóð. Lærið nú lagið og ljóðin.



### SVALADRYKKURINN. (Úr ensku.)

„Gerðu svo vel, Anna, og gefðu mér postulíns-bollann minn“—sagði Dísa litla. Hún korn að utan, og hafði átt í striði við að lesa í nýju myndabókinni sinni.

Anna var að taka hýðið af ertum fyrir miðdagsverðinn og vildi ekki láta ónáða sig.

„Hvað ætlarðu að gera með bolla —spurði hún önug.

„Eg ætla að gefa gömlum manni að drekka.“

„Þú getur þá tekið ausuna.“

„Nei. Ausuna get eg ekki brúkað. Eg þarf að fá bollann minn. Og eg þarf að flýta mér — óttalega að flýta mér“ — sagði Dísa, og hermdi eftir Tuma, bróður sínum.

„Eg læt ekki nein uppátæki þín tefja fyrir mér“—svrarar Anna, og keppist við í ákafa. „Eg þarf líka að flýta mér. Ertuðnar þær arna ættu að vera komnar í pottinn. Þess utan — hvaða karl er þetta? Ef mamma þín væri heimna, þá held eg ekki hún myndi leyfa þér að gefa hvaða karli, sem kæmi, að drekka úr bollanum þínum. Liklegast er þessi karl flækingur.“

„Nei, hann er enginn flækingur! Hann er læ'sein*r*.“

„Læ'sein*r*!“—át Anna eftir, og fór að skellihlæja. „Hvað er það?“

„Veistu það ekki? Pabbi las um þá í bíblíunni. Það erú þjónar Jesú. Og hann vill, að fólk gefi heim gott kalt vatn að drekka, þegar þeir eru þyrstir.“

„Það er það sama! Eg get ekkert gert við því“—sagði Anna. „Eg get ekki verið að hlaupa einlægt frá verkinu mínu, til þess að sinna hverju sem er. Taktu ausuna, ef þú endilega þarf að gefa honum að drekka.“

„Æ, góða“—sagði Dísa. „Eg sagði þér, að eg gæti ekki brúkað ausuna. Það stendur *bolla*.<sup>\*</sup> Og eg vil fá fallegasta bollann minn — þann með litla fuglinum á. Æ, gerðu þetta! Náðu honum fyrir mig!“

---

<sup>\*</sup>) Í bíblíu-þýðingunní ensku stendur *cup*, bolli, bikar.